

Textar



HARMONÍU KÓRINN

Árbæjarkirkja – 12. des. 2023

Útg. 4

Skín í rauðar skotthúfur

Skín í rauðar skotthúfur skuggalangan daginn,
jólasveinar sækja að, sjást um allan bæinn.
Ljúf í geði leika sér lítil börn í desember,
inni' í friði' og ró, úti' í frosti' og snjó
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Uppi' á lofti, inni' í skáp eru jólapakkar,
titra öll af tilhlökkun tindilfættir krakkar.
Komi jólakötturinn kemst hann ekki' í bæinn inn,
inn í frið og ró, inn úr frosti' og snjó
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Stjörnur tindra stillt og rótt, stafa geislum björtum.
Norðurljósin loga skær, leika' á himni svörtum.
Jólahátíð höldum vér hýr og glöð í desember,
þó að feyki snjó þá í friði' og ró
við höldum heilög jólin,
heilög blessuð jólin.

Friðrik Guðni Þórleifsson

Grýlukvæði

S:

Það á að gefa börnum brauð
að bíta í á jólunum.

Kertaljós og klæðin rauð
svo komist þau úr bólunum.

Væna flís af feitum sauð
sem fjalla gekk á hólunum.

Nú er hún gamla Grýla dauð,
gafst hún upp á rólunum.

TAB:

Það á að gefa, gefa. Það á að gefa, gefa.

Það á að gefa, gefa börnum, börnum brauð
að bíta, bíta í á jólunum, jólunum

Kerta, kertaljós og klæðin, klæðin rauð
svo komist, komist þau úr bólunum, bólunum.

Væna, væna flís af feitum, feitum sauð
sem fjalla, fjalla gekk á hólunum, hólunum.

Nú er hún gamla, gamla Grýla, Grýla dauð,
gafst hún, gafst hún upp á rólunum, rólunum.

Ókunnur

Gjöfin

Vetrardaginn dimman dapur vindur hvín,
freðna jörðu felur fannhvít mjallarlín.
Skýjahrannir hylja himinljósin björt.
Nú fer senn að nálgast nóttin svört.

Gerast allt í einu undur dásamleg,
stjörnuleiftur lýsa langt í austurveg.
Ótal englaraddir óma blítt og þýtt,
friður yfir öllu, allt er nýtt.

Fjármenn glaðir finna fæddan bjartan svein,
hann er heimsins barna hjálparvonin ein.
Liggur lágt í jötu ljós úr augum skín,
elska hans til okkar aldrei dvín.

Get ég goldið honum? Gulls ég fór á mis,
myrru á ég enga né ilminn reykelsis.
Eina gjöf þó get ég gefið nú og hér:
Hjarta barns, sem býr í brjósti mér.

Sverrir Pálsson

Ave María

Jólanna klukknaköll
klingja um dal og fjöll,
óma með himnahjörð:
Hér er ungbarn fætt á jörð.
|:Ave, Ave, Ave María.:|

Klukkan, nú kveðið við;
kallið á jörðu frið.
Boðið um heiminn hér:
Heimi fæddur sonur er.
|:Ave, Ave, Ave María.:|

Kristín Jóhannesdóttir þýddi

Vögguljóð á jólum

SA:

Skín gegnum náttmyrkrið bjart ljós frá Betlehem.
Blítt syngja englarnir himninum á.

TB:

Vitringar koma síns konungs að leita
en kornunga móður og ungbarn þeir sjá.

Ave María, ave María,
ómar þýtt vögguljóð frá englanna hjörð.
Ave María, ave María,
mærin sem Guðssoninn fæddi á jörð.

TB:

Hvar er hans veldi og hverjir hans þegnar,
hví mun hans sproti og kóróna' ei sjást?

SA:

Fjárhirðar hirðin og fátækir þjóðin
og friður er sprotinn og kórónan ást.

Ave María ...

Hvað þótt þú gefir ei gull eða myrru?
Gjöf honum færðu af elsku og dáð.
Lofað sé barnið, og lofuð sú móðir
er lausnarann gaf oss af himnanna náð.

Ave María ...

Kristín Jóhannesdóttir

Oratorio de Noël, Op. 12

No. 2 Chœur

Gloria in altissimis Deo.

Et in terra pax hominibus bonæ voluntatis!

*Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu
og velþóknun Guðs yfir mönnum.
(Lúkasarguðspjall 2:14)*

Oratorio de Noël, Op. 12

No. 4 Air et Chœur

Qui in hunc mundum venisti,
Christus

*[Hún segir við hann: „Já, Drottinn.
Ég trúi að þú sért Kristur, Guðs sonur,
sem koma skal í heiminn.”
(Jóhannesarguðspjall 11:27)*

Oratorio de Noël, Op. 12

No. 6 Chœur

Quare fremuerunt gentes?
Et populi meditati sunt inania?

Gloria Patri, gloria Filio, gloria Spiritui Sancto;
sicut erat in principio, et nunc, et semper,
et in sæcula sæculorum.

*Hví gera þjóðirnar samsæri,
hví hyggja þær á fánýtt ráð?
(Sálmarnir 2.1)*

*Dýrð sé Föðurnum og Syninum og hinum Heilaga Anda.
Svo sem var í öndverðu, er enn
og verður ávallt og um aldir alda.
(Lofgjörðarbæn)*

Oratorio de Noël, Op. 12

No. 9 Quintette avec Chœur

|:Alleluia, Alleluia, Alleluia:|

Egrediatur ut splendor justus Sion,
et Salvator ejus ut lampas accendatur.

*[Sökum Síonar get ég ekki þagað
og vegna Jerúsalem ekki verið hljóður]
fyrir en réttlæti hennar brýst fram eins og ljómi
og hjálpræði hennar logar sem kyndill.
(Jesaja 62:1)*

Oratorio de Noël, Op. 12

No. 10 Chæur

Tollite hostias, et adorate
Dominum in atrio sancto ejus.
Lætentur cæli, et exultet terra
a facie Domini, quoniam venit.

*Tignið Drottin, heiðrið nafn hans,
færið fórn og komið til forgarða hans.
(Sálmarnir 96.8)*

*Himinninn gleðjist og jörðin fagni,
(Sálmarnir 96.11)*

*fyrir augliti Drottins því að hann kemur,
til að ríkja á jörðu,
(Sálmarnir 96.13)*

Fögur er foldin

Fögur er foldin,
heiður er guðs himinn,
indæl pílagríms ævigöng.
Fram, fram um víða
veröld og gistum
í Paradís með sigursöng.

Kynslóðir koma,
kynslóðir fara,
allar sömu ævigöng.
Gleymist þó aldrei
eilífa lagið
við pílagrímsins gleðisöng.

Fjárhirðum fluttu
fyrst þann söng Guðs englar,
unaðssöng er aldrei þver:
Friður á foldu
fagna þú maður:
Frelsari heimsins fæddur er.

Matthías Jochumsson

Heims um ból

Heims um ból, helg eru jól;
Signuð mæ'r son Guðs ól,
frelsun mannanna, frelsisins lind,
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkind
|: meinvill í myrkrunum lá. :|

Heimi í hátíð er ný,
himneskt ljós lýsir ský,
liggur í jötunni lávarður heims,
lifandi brunnur hins andlega seims,
|: konungur lífs vors og ljóss. :|

Heyra má himnum í frá
englasöng: "Allelújá".
Friður á jörðu, því Faðirinn er
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér
|: samastað Syninum hjá. :|

Sveinbjörn Egilsson